

INNFLUTNINGUR

Valverkefni
Einstaklingsverkefni
eða paraverkefni

Hvað erum við að flytja inn?

Viðmið um árangur:

- Ég hef kynnt mér uppruna og ferðalag algengra matvara.
- Ég átta mig á að matarinnkaup geta haft áhrif á umhverfið.
- Ég get komið með hugmyndir um úrbætur.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.
- rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.



- Veljið **10 matvörur** sem eru algengar heima hjá þér (**fleiri ef þið eruð tvö**).
- Finnið út **hvaðan** þær koma og hversu langa leið vörurnar fóru áður en þær lentu á matarborði fjölskyldunnar (með til dæmis Google Earth reglustikunni).
- Ef þið eruð með íslenska vöru, veltið þá fyrir ykkur innihaldsefni vörunnar. Stundum þurfum við að flytja inn hráefni í vörunar okkar (eins og þegar við búum til súkkulaði).
- Veltið fyrir ykkur umbúðunum líka, eru þær vistvænar?
- Ferðuðust vörunnar með skipi eða flugvél? Hvort væri betra fyrir umhverfið?
- Kolefnissport kjöts er mun stærra en grænmetis. Af hverju er það?
Var eitthvað sem kom ykkur á óvart?
Getum við haft áhrif til góðs þegar við kaupum í matinn?
Geta framleiðendur matvara gert betur gagnvart umhverfinu?
Rökstyðjið svörin og látið fylgja með.

Afurð: Setjið upplýsingarnar fram á myndrænan hátt t.d. í Excel, veggspjaldi, PowerPoint eða á korti.

